

Orlofsblað

Sameyki stéttarfélag í almannapjónustu **2022**



SAMEYKI

Á ferðinni

Það er alltaf gaman að ferðast um Ísland og skoða landið frá mörgum sjónarhornum. Félagsfólk í Sameyki á þess kost að njóta orlofshúsa félagsins víða um landið. Það er upplagt að nota tækifærið þegar dvalið er í orlofshúsum félagsins að skoða næsta nágrenni, jafnvel skreppa upp á hálendið til að virða fyrir sér náttúruna og fagra staði sem landið hefur upp á að bjóða; skóglendi, auðnir, fjöll, dali, fossa, ár, vötn og sandeyðimerkur.

Í þessu blaði geta félagar í Sameyki skoðað þá orlofskosti sem eru í boði á þessu ári og skipulagt ferðalagið í sumarleyfinu hvert á land sem heitið er að fara.

Það er tilvalið að hafa orlofsblaðið við hendina í bílnum þegar lagt er af stað.





SAMEYKI

STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAPJÓNUSTU

Ábyrgðarmaður

Pórarinn Eyfjörð

Umsjón

Axel Jón Ellenarson

Stjórn Orlofssjóðs

Kalla Björg Karlsdóttir
María Hlín Eggertsdóttir
Ólafur Hallgrímsson
Stefán Gíslason
Styrmir Þór Davíðsson

Prentun

Prentmet Oddi. Orlofsblað
Sameyis er prentað
á umhverfisvænan og
svansvottaðan pappír úr
hringrásarferli Svansins.
Einnig er blaðið prentað
með svansvottuðum jurtalit-
um en ekki jarðolíulitum.



Prentgripur
1234 5678

Skrifstofa Sameyis

Grettisgata 89 - 105 Reykjavík
Símar: 525 8340 / 525 8330
Netfang: sameyki@sameyki.is
Veffang: sameyki.is
Orlofsvefur: orlof/sameyki.is
ISSN: 1670-881

Opið virka daga

kl. 9:00 - 16:00

ISSN 2547-832X

Efnisyfirlit

Um gengni og frágangur	6
Réttindi lífeyrisdeildar	6
Orlofshúsavetur Sameyis	7
Hagnýtar upplýsingar	8

Vesturland

Munaðarnes	10
Bjarkarás	12
Eyrarhlíð	13
Stekkjarhóll	14
Vörðuás	15
Birkihlíð	16
Skorradalur	17
Húsafell	18
Selásar	19
Arnarstapi	20
Stykkishólmur	21
Norðurás	22

Vestfirðir

Krossholt	23
Hólmavík	24
Bær III	25

Norðurland

Blönduós	27
Skálátún	30
Hamratún	31
Fossar	32
Kjalarsíða	34
Kjarnabyggð	35
Holtaland	36
Illugastaðir	37
Hólar í Hjaltadal	38

Austurland

Eiðar	40
-------------	----

Suðurland

Hólasetur	41
Úthlíð	42
Flúðir	43
Úlfjótswatn	44
Akrasel	45
Vaðnes	46

Höfuðborgarsvæðið

Sóltún 12	47
Grandavegur 42	48
Grandavegur 45	49

Spánn

Los Arenales del Sol	51
Samara Quesada	53

Ýmislegt

Gjafabréf	54
Icelandair	54
Flugfélagið Ernir	54
Úthlutun orlofsávísana	54
Dagleighús	55
Verðskrá dagleighúsa	56
Orlofshús sem leyfa gæludýr	57
Ferðaávisun	58
Útilegukortið	59
Veiðikortið	59
Göngur og gisting með ferðaávisun ...	60



Ljósmynd: Axel Jón Ellenarson

Fjölbreyttir orlofskostir í boði

Orlofsblað Sameykis stéttarfélags í almannabjón-ustu fyrir árið 2022 inniheldur allar upplýsingar um orlofseignir félagsins sem standa félagsmönnum til boða í úthlutun í sumar. Einnig eru í blaðinu kynntar eignir sem verða einungis í dagleigu í sumar og eru þær merktar sérstaklega í flipa við hvert hús. Félagið á nú 69 eignir, þar af þrjár á Spáni. Sameyki leggur mikla áherslu á að bjóða félagsmönnum upp á falleg orlofshús með góðri aðstöðu í falletu umhverfi.

Sameyki tekur á leigu nokkrar eignir víðs vegar um landið til að bjóða félagsmönnum fjölbreyttari orlofskosti um landið. Á Orlofshúsavef félagsins má



finna fleiri valkosti í orlofsmálum: Gjafabréf í flug, bæði innanlands og utanlands, veiði- og útilegukort, ferðaávisanir fyrir gistingu innanlands og orlofsávisanir. Aðeins er hægt að sækja um og fá orlofsávisun á úthlutunartíma sumarorlofs sem er frá 27. maí til 26. ágúst 2022.

Ný stjórn orlofssjóðs tók við á árinu eftir aðalfund félagsins og eru stjórnarmenn orlofssjóðs eftirfar-



andi: Kalla Björg Karlsdóttir, María Hlín Eggertsdóttir, Ólafur Hallgrímsson, Stefán Gíslason og Styrmir Þór Davíðsson.

Það sem af er ári hafa verið miklar framkvæmir í Mun-aðarnesi eins og undanfarin ár. Unnið er að endurnýjun á orlofshúsum í Eyrarhlið og er áætlað að þau fari í útleigu snemma á þessu ári. Orlofshús félagsins við Arnarstapa á Snæfellsnesi verður endurnýjað í upphafi árs en ekki er alveg vitað hvenær það verður tilbúið þegar þetta er skrifað. Það mun verða boðið til útleigu um leið og framkvæmdum þar lýkur.

Óskum við þess að félagar í Sameyki hafi ánægju af því að skoða þá orlofskosti sem í boði eru og njóti þess að dvelja í orlofshúsum félagsins.

VINSAMLEGA ATHUGIÐ

Frestur til að sækja um orlofshúsin er frá 7. mars til 27. mars. Úthlutun lýkur 31. mars. Orlofstímabilið er 27. maí til 26. ágúst 2022.

Dagleiguhús opna 22. apríl.



Um gengni og frágangur

Félagsfólk sem leigir orlofshús ber ábyrgð á orlofshúsinu á meðan á dvöl stendur og öllu sem því fylgir. Þrifa skal vel eftir sig m.a. ísskáp, eldavél og ofn, skápa, salerni og grill. Einnig ber að þurrka af og skúra gólf og loka gluggum og útihurðum vandlega.

Félagsfólk má ekki framselja

öðrum leigurétt eða leyfa þriðja aðila að leigja orlofshús Sameykis í sínu nafni. Hafi félagsfólk einhverjar athugasemdir eða ef eitthvað vantar í húsin þá vinsamlega látið umsjónarmann á viðkomandi dvalarstað vita. Einnig er hægt að hafa samband við skrifstofu Sameykis á skrifstofutíma.

Munið að ganga frá orlofshúsunum eins og þið villjið koma að þeim. Orlofshúsin eru sameign félagsfólks í Sameyki og því mikilvægt að vel sé gengið um þau. Í flestum orlofshúsum Sameykis er myndlykill frá Stöð 2 og 4G beinir frá Vodafone. Upplýsingar um hvernig er hægt að kaupa sér áskrift má lesa um á staðnum.

MIKILVÆGT

Mikilvægt er að virða réttan komu- og brottfarartíma. Prentið út leigusamning áður en farið er í orlofshúsið, þar má m.a. finna upplýsingar um komu og brottfarartíma, símanúmer umsjónarmanns o.fl.

GÓÐ UMGENGNI

Góð umgengni er hagur okkar allra og því er mikilvægt að skilja við eins og við viljum koma að. Sameyki áskilur sér rétt til að innheimta fyrirvaralaust sérstakt þrífagjald þar sem ekki er nægjanlega vel skilið við. Góður frágangur er á ábyrgð leigutaka.

GÆLUDÝR

Gæludýr eru stranglega bönnuð á orlofshúsasvæðunum nema annað sé tekið fram, það gildir líka um gæludýr gesta.

REYKINGAR

Reykingar eru stranglega bannaðar í orlofshúsum Sameykis.

TAKA MEÐ

Nauðsynlegt er að taka með í orlofshús; salernis-pappír, handsápu, sjámpó, sængurfatnað, lök, handklæði, diskaburrkur, borðtuskur, plastpoka, eldhúsrúllur, kaffipoka (filter), kol (ef kolagrill), kerti og eldspýtur, álpappír, krydd, sykurlu og olíu til stekingar.

Réttindi lífeyrisdeildar Sameykis til orlofsdvalar

Þegar félagsfólk hættir störfum og gerist félagar í lífeyrisdeild, þá halda þeir punktaægn sinni í orlofskerfinu. Um frekari ávinnslu punkta er þó ekki að ræða. Ekki eru greiddir punktar fyrir leigu orlofshúsa utan úthlutunartíma en félagar í lífeyrisdeild geta ekki sótt um úthlutun á tímabilinu frá 18. júní til 1. ágúst 2022. Þær vikur sem ekki leigjast út fara svo í almenna úthlutun 25. apríl 2022,

sem félagar í lífeyrisdeildinni hafa rétt á að bóka til jafns við aðra. Félagsmenn í lífeyrisdeildinni greiða sömu leigu og aðrir félagar í Sameyki.

Framleiga til þriðja aðila óheimil

Ef í ljós kemur að félagar í lífeyrisdeild eða annað félagsfólk framleigja orlofshús til þriðja aðila mun það leiða til áminningar eins og gildir um annað félagsfólk í Sameyki. Það

getur einnig leitt til þess að það fái ekki að leigja orlofshús hjá félaginu. Ætlast er til þess að félagsfólk í Sameyki sé sjálft með í för meðan á dvöl stendur. Félagar í lífeyrisdeild hafa rétt til þess að nýta sér aðra þá orlofsmöguleika sem Sameyki býður upp á. Þar má nefna gjafabréf í flug, ferðávisanir, veiði- og útilegukort o.fl. sem auglýst er á vefsíðu Sameykis hverju sinni.

Orlofshúsavefur Sameykis



Orlofshúsavefur Sameykis má finna efst í hægra horninu á vef Sameykis þar sem lásmerkið er. Undir því er smellið á Orlofsvefur sem leiðir viðkomandi beint inn á Orlofshúsavefinn þar sem orlofshús Sameykis eru öll á einum stað. Einnig er hægt að slá inn beina slóð á Orlofshúsavef Sameykis, orlof.is/sameyki. Til þess að bóka tímabil til orlofsdvalar þarf að hafa annað hvort rafræn skilríki eða íslykil. Kerfið er einfalt í notkun og þar má finna lýsingar á öllum orlofskostum félagsins, húsum og íbúðum innanlands og erlendis auk gjafa-bréfa í flug, ferðaávisanir og veiði- og útilegukort o.fl.




Sækja um úthlutun

Til að sækja um úthlutun á orlofshúsi er smellið á „UMSÓKN UM“, þar er form sem fylla þarf út og fyrir neðan eru valmöguleikar gefnir. Í fyrri fyllistilinum er orlofseign valin og í þeim seinni sú vika sem sótt er um. Velja má alla möguleika en ekki er þörf á að velja alla valmöguleikana.

Bóka orlofshús

Til að bóka orlofshús er best að fara í „Laus tímabil“ þar sem hægt er að sjá hvaða eignir eru lausar og á hvaða tíma. Þegar búið er að finna orlofshús og



dagsetningu er smellið á dagsetninguna fyrir viðeigandi hús. Þá kemur upp gluggi sem biður um brottfarardag. Þegar hann hefur verið valinn er smellið á staðfesta. Síðan er farið í greiðsluferli. Þegar gengið hefur verið frá greiðslu er samningur sendur í tölvupósti.

Miðar og kort

Á Orlofshúsavefnum stendur félagsfólki í Sameyki til boða að kaupa ferðaávisun, miða og kort á sérkjörum. Efst í valmyndinni er valið „Miðasala eða Ferðaávisun“. Til að kaupa miða eða kort er einfaldlega smellið á viðeigandi vöru, miðasala eða Ferðaávisun. Þá opnast gluggi þar sem hægt er að setja inn fjölda varðandi miða en upphæð



er sett inn í ferðaávisun, þá er smellið á „Setja í körfu“. Þá koma upp skilaboð um hvort félagsfólk vill ganga frá greiðslu með því að smella á „Kafra“ eða halda áfram að versla með því að smella á „Halda áfram“. Þegar gengið hefur verið frá greiðslu er kvittun send í tölvupósti.

Hagnýtar upplýsingar

Verð á leigu orlofshúsa er mismunandi eftir stærð og aldri húsanna en einnig er munur á því hvort leigt er að sumri eða vetri. Verðið fyrir vikuleigu í sumar er 21-32 þúsund. Helgarleiga á orlofshúsum er á bilinu 12-18 þúsund, og aukanoóttin 3500 kr. Aukanoótt að vetri er 2500 kr. Orlofshúsið okkar og íbúðirnar á Spáni kosta frá 45-55 þúsund yfir vetrartímann en 55-65 þúsund yfir sumartímann.

Nánari upplýsingar um verð er að finna á Orlofshúsavef Sameykis, orlof.is/sameyki.

Endurgreiðslur almennt

Ef hætt er við að leigja eign með minna en tveggja vikna fyrirvara að sumri fæst leigan ekki endurgreidd nema eignin leigist aftur og einungis það sem fæst fyrir hana þá. Þegar um endurgreiðslu er að ræða er alltaf endurgreitt með sama greiðslumáta og notaður var við bókun, þ.e. inn á kreditkort ef greitt var með kreditkorti, o.s.frv.

Endurgreiðslur á veturna

Ef hætt er við að leigja eign með minna en viku fyrirvara að vetri fæst leigan ekki endurgreidd nema eign endurleigist. Hvað ófærð varðar þá ábyrgist Orlofs-sjóður snjómokstur á föstudögum og sunnudögum á stóru orlofssvæðunum t.d. Munaðarnesi, Vaðnesi, Kjarnabyggð, Hálöndum, Úthlið, Úlfjótuvatni og Húsafelli en ekki aðra daga. Göngustígar á orlofssvæðum og að húsum eru ekki mokaðir. Leigugjald er ekki endurgreitt þótt félagsfólk geti ekki nýtt sér dvöl að fullu vegna veðurs eða ófærðar

Breytingargjald

Ef breyta þarf bókun kostar það 2.000 kr. Þetta á ekki við ef bæta þarf við degi til eða frá heldur einungis ef skipta þarf alveg um tímabil. Góð regla fyrir brottför er að bóka sig inn á orlofsvefinn og prenta út nýjan samning. Ástæðan er sú að ef einhver breyting hefur átt sér stað milli þess sem gengið var frá pöntun til þess tíma sem haldið er af stað, hvort sem er í sambandi við húsið, íbúðina eða umsjónina. Þá uppfærast upplýsingarnar á leigusamninginn.

Munurinn á bókun og úthlutun

Úthlutun: Auglýst er eftir umsóknum um ákveðin tímabil (páskar og sumar). Þú sækir um og eftir ákveðinn tíma fer úthlutun fram og svar berst í tölvupósti.

Bókun: Þú ferð sjálf/ur inn á Orlofshúsavefinn og kynnr þér hvað er laust, bókar og greiðir. Gildir fyrir dagleiguhús, lausar vikur á sumrin og utan úthlutunartíma.

Orlofspunktur

- Félagsmenn ávinna sér 12 orlofspunkta á ári, þ.e. 1 punkt fyrir hvern unninn mánuð
- Orlofspunktur stýra því hverjir eru í forgangi á úthlutunartímum. (Flestir punktar = mesti möguleikar)
- Hægt er að skoða punktastöðu á Orlofshúsavef Sameyki.is, orlof.sameyki.is
- Punktastaða er uppfærð einu sinni á ári áður en páskaúthlutun fer fram
- Félagar í lífeyrisdeild ávinna sér ekki punkta eftir starfslok.

Úthlutanir/orlofsmöguleikar „kosta“ mismarga orlofspunkta. 10 punktar fyrir orlofsávísun, 40 punktar fyrir sumarhús og íbúðir á úthlutunartíma. Orlofshús sem standa út af eftir að úthlutun lýkur eða losna óvænt á úthlutunartímanum kosta líka punkta. Dagleiguhús kosta 5 punkta fyrir hvern dag. Orlofshús sem bókuð eru utan úthlutunartíma kosta ekki punkta. Gjafabréf, Útilegukortið og Veðikortið kosta ekki punkta.

Að gefnu tilefni

Ekkí er leyfilegt að setja upp tjöld, leggja fellihýsum eða hjólhýsum við orlofshús Sameykis. Gert er ráð fyrir ákveðnum fjölda gesta í húsunum og fólk er beðið um að virða það og bæta ekki við gestum á lóðir eða jafnvel bílastæði. Í flestum tilfellum eru tjaldsvæði ekki langt undan og því bendum við fólki sem á von á viðbótargestum að kynna sér það.

Hjá Sameyki er einnig hægt að kaupa útilegukort sem gildir á mörgum tjaldsvæðum um land allt.



Ekki gleyma að sækja um úthlutun í sumar

Á Orlofshúsavefnum, orlof.is/sameyki er hægt að bóka orlofshús og sækja um úthlutun. Við hvetjum alla til að kynna sér hann vel. Til að sækja um úthlutun á orlofshúsi er smellt á „UMSÓKN UM“ - þar er form sem fylla þarf út og fyrir neðan eru valmöguleikar.

Í fyrri fellilistanum er orlofseign valin og í þeim seinni sú vika sem sótt er um. Ekki þarf velja alla valmöguleikana.

Munaðarnes

Mikil uppbygging hefur átt sér stað á orlofssvæði Sameykis í Munaðarnesi undanfarin ár. Sameyki á 22 hús í Munaðarnesi í fjórum hverfum. Þrjú hús í Bjarkarási og er hús nr. 10 sérstaklega hannað með tilliti til aðgengis fyrir hreyfihamlaðra. Fjögur hús eru í Vörðuási, sex hús eru í Eyrarhlíð og níu í Stekkjarhóli. Hluti af þeim er í endurbyggingu og koma inn í sumar til leigu. Húsin eru mismunandi að stærð, frá 63-90 fm og rúma 5-7 gesti. Í öllum húsunum er myndlykill frá Stöð 2 og 4G beinir frá Vodafone. Upplýsingar um hvernig hægt er að kaupa sér áskrift má lesa um á staðnum. Tvö hús í Munaðarnesi verða í dagleigu í allt sumar.

Á svæðinu eru leiktæki fyrir börn á fleirum en einum stað þar sem má finna rólur, fótboltavöll, minigolf ofl. Gasgrill er í öllum húsunum. Nánari upplýsingar má finna á orlofsvef Sameykis.





Bjarkarás

Hús nr. 3 og 5 við Bjarkarás eru um 85 fm að stærð með þremur svefnherbergjum. Svefnpláss er fyrir 6-7 manns í húsi nr. 3 en fyrir 6 manns í húsi nr. 5. Hús nr. 10 er 70 fm með þremur svefnherbergjum og er hannað með tilliti til aðgengis hreyfihamlaðra. Til dæmis má nefna að góður rampur liggur að húsinu. Dyrar eru víðari en gerist og gengur og hægt er að hækka og lækka eldhúsinnréttingu að hluta til með rafbúnaði. Í eldhúsum er allur nauðsynlegur búnaður og tæki, svo sem eldavél með ofni, ísskápur með frysti, örbylgjuofn og borðbúnaður fyrir 10-12 manns. Í öllum herbergjum eru rúmin af stærðinni 153x200 sm. Það eru ekki aukadýnur í húsunum. Verandir í kringum húsin eru stórar með heitum potti, garðhúsgögnum og gasgrilli.



Fermetrar	85
Fjöldi svefnherbergja	3
Svefnpláss fyrir	6-7
Svefnloft	Nei
Aukadýnur	Nei
Fjöldi sænga	6-7
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Heitur pottur	Já
Uppþvottavél	Já
Grill	Gas
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppþvottalögur	Nei
Rúmfatnaður/Handklæði	Nei
Tuskur og viskustykki	Já
Internettenging	Kostar
Gæludýr leyfð	Nei





Eyrarhlíð

Í Eyrarhlíð eru 6 orlofshús. Í hverju þeirra eru 3 svefnherbergi með svefnplássi fyrir 6-8 manns. Í húsunum eru þrjú svefnherbergi. Tvö þeirra eru með rúmum 153x200 sm og í öðru þeirra er koja þvert yfir rúmið. Þriðja herbergið er með kojum. Í eldhúsi er allur nauðsynlegur búnaður og tæki s.s. ísskápur með frysti, örbylgjuofn og borðbúnaður fyrir 10-12 manns. Stór verönd er í kringum húsin með heitum potti, garðhúsgögnum og gasgrilli. Þrjú svefnherbergi eru í húsum nr. 78, 79 og 80. Svefnpláss er fyrir 7 manns í tveimur 160 sm hjónarúmum og kojum. Neðri koja er 120 sm á breidd en sú efri 90 sm.

Þráðlaust net



Fermetrar	85
Fjöldi svefnherbergja	3
Svefnpláss fyrir	6-7
Svefnloft	Nei
Aukadýnur	Nei
Fjöldi sænga	6-7
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Heitur pottur	Já
Uppþvottavél	Já
Grill	Gas
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppþvottalögur	Nei
Rúmfatnaður/Handklæði	Nei
Tuskur og viskustykki	Já
Internettenging	Kostar
Gæludýr leyfð	Nei



Stekkjjarhóll

Hús nr. 72, 73, 76 og 77 við Stekkjarhól eru 77-83 fm. Í hverju þeirra eru 3 svefnherbergi með svefnplássi fyrir allt að 6 manns. Í húsunum eru tvö herbergjanna með 160 sm hjónarúmi og þriðja herbergið með kojum. Í eldhúsum er allur nauðsynlegur búnaður og tæki og borðbúnaður fyrir 10-12 manns. Í kringum húsin er stór verönd með heitum potti, garðhúsgögnum og grilli. Þrjú svefnherbergi eru í húsum nr. 78, 79 og 80. Svefnpláss er fyrir 7 manns í tveimur 160 sm hjónarúmum og kojum. Neðri koja er 120 sm á breidd en sú efri 90 sm. Orlofshúsu nr. 74. og 75 eru af eldri gerðinni og eru 54 fm. Hús nr. 74 er með tveimur svefnherbergjum og svefnplássi fyrir 4-5 og hús nr. 75 er með þremur svefnherbergjum og svefnplássi fyrir 6 manns.



Fermetrar	77-90
Fjöldi svefnherbergja	3
Rúm fyrir allt að.....	6-7
Svefnloft	Nei
Aukadýnur	Nei
Fjöldi sænga	6-8
Barnarúm	Ferða
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Heitur pottur	Já
Uppbottavél	Já
Grill	Gas
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppbottalögur	Nei
Tuskur og viskustykki	Já
Internettenging	Kostar
Gæludýr leyfð	Nei



Vörðuás

Sameyki á fjögur hús í Vörðuási. Þrjú eru 63 fm með tveimur svefnherbergjum með svefnpláss fyrir 5 manns. Í hjónaherbergi er rúmið 153x200 sm að stærð. Í húsi nr. 3 og nr. 5 er svefnherbergi með rúmi sem er 140x90 sm. Verönd er stór og góð með heitum potti, garðhúsgögnum og gasgrilli. Hús nr. 17 er 83 fm með þremur herbergjum og svefnpláss er fyrir allt að 6 manns. Í eldhúsum er allur nauðsynlegur búnaður og tæki, svo sem eldavél með ofni, ísskápur með frysti, örbylgjuofn og borðbúnaður fyrir 12 manns. Í kringum húsinn er stór verönd með heitum potti, garðhúsgögnum og gasgrilli. Athugið að hús nr. 17 er stærra en hin húsinn.

Þráðlaust net



Fermetrar	63-83
Fjöldi svefnherbergja	2-3
Svefnpláss	5-6
Svefnloft	Nei
Aukadýnur	Nei
Fjöldi sænga	5-8
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Heitur pottur	Já
Uppþvottavél	Já
Grill	Gas
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppþvottalögur	Nei
Rúmfatnaður/Handklæði	Nei
Tuskur og viskustykki	Já
Internettenging	Kostar
Gæludýr leyfð	Nei





Birkihlíð

Birkihlíð orlofshús BSRB í Munaðarnesi er opið fyrir félagsmenn í öllum aðildarfélögum BSRB og geta þeir sótt um að leigja húsið, sem er eina orlofshúsið sem BSRB hefur í útleigu.

Birkihlíð er orlofshús á tveimur hæðum sem staðsett er í Munaðarnesi. Húsið var allt tekið í gegn fyrir sumarið 2021 og er búið veglegum sólpalli sem nær í kringum þrjár hliðar hússins. Þar er einnig heitur pottur og fallegt útsýni yfir Norðurá.

Á efri hæð hússins er samliggjandi stofa og borðstofa þaðan sem opið er inn í eldhús. Á hæðinni er einnig stórt svefnherbergi með hjónarúmi auk lítils salernis. Á neðri hæð hússins er sjónvarpskrókur með svefnsófa auk tveggja svefnherbergja með aðskildum rúmum. Þar er einnig stórt baðherbergi með þvottavél, þurrkara og sturtu.

Af neðri hæðinni er hægt að ganga út á pallinn þar sem heiti potturinn er ásamt gasgrilli. Birkihlíð hefur því svefnaðstöðu fyrir átta fullorðna auk þess sem þar er ferðarúm fyrir börn. Þar er einnig heitur pottur og fallegt útsýni yfir Norðurá.

Bókanir og frekari upplýsingar um útleigu hússins eru veittar á skrifstofu BSRB í síma 525 8300 eða í gegnum netfangið bsrb@bsrb.is.





Skorradalur

Í Skorradal er glæsilegt 80 fm heilsárshús með 3 svefnherbergjum, baðherbergi, eldhúsi og stofu sem eru í einu rými. Í húsinu er svefnaðstaða fyrir 4-6. Eitt svefnherbergið er með tvöföldu rúmi, sem hægt er að taka í sundur, en hin herbergin tvö eru með rúmum sem hvort um sig er 140 sm á breidd. Einnig eru tvær aukadýnur í húsinu. Húsið er búið öllum nútímaþægindum. Borðbúnaður er fyrir 8 manns. Á verönd er rafmagnspottur, gasgrill, borð og stólar. Athygli skal vakin á því að það eru margar tröppur upp að húsinu og því getur það verið óhentugt fyrir þá sem eiga erfitt með gang.




Fermetrar	80
Fjöldi svefnherbergja	3
Svefnpláss fyrir	4-6
Svefnloft.	Nei
Aukadýnur	2
Fjöldi sænga	8
Barnarúm	Já
Barnastóll.....	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp.....	Já
Heitur pottur (Rafmagns)	Já
Grill	Gas
Uppþvottavél	Já
Ræstiefni.....	Já
Gólfmoppur	Já
Uppþvottalögur	Nei
Rúmfatnaður/Handklæði.....	Nei
Tuskur og viskustykki	Nei
Internettenging.....	Kostar
Gæludýr leyfð.....	Nei



Húsafell

Sameyki á tvö hús við Hraunbrekkur. Þau eru 64 fm með 2 hjónaherbergjum, 1 svefnherbergi með svefnplássi fyrir þrjá og 30 fm svefnlofti. Fimm góðar aukadýnur eru á svefnlofti. Í hvoru húsi er borðbúnaður, sængur og koddar fyrir 12 manns. Í kringum húsin er verönd með heitum potti, garðhúsgögnum og gasgrilli. Í húsi nr. 4 eru leyfð gæludýr. Húsin standa nálægt hvort öðru á grónum og rólegum stað innarlega á svæðinu en auðvelt er að nýta sér þjónustuna sem veitt er á Húsafelli, sundlaug, golfvöll, verslun o.fl.



Fermetrar	64
Fjöldi svefnherbergja	3
Svefnpláss fyrir	8-12
Svefnloft	Já
Aukadýnur	5
Fjöldi sænga	12
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Heitur pottur	Já
Grill	Gas
Uppbottavél	Já
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppbottalögur	Nei
Rúmfatnaður/Handklæði	Nei
Tuskur og viskustykki	Nei
Internettenging	Kostar
Gæludýr leyfð	Annað er gæludýrahús



Selásar

Sameyki á hús í Borgarbyggð sem er örstutt frá Munaðarnesi. Húsið er 120 fm með þremur svefnherbergjum á neðri hæð, baði, eldhúsi og stofu í sameiginlegu rými. Einnig er svefnloft í húsinu og svefnaðstaða fyrir 1-2 í gestaherbergi sem er baka til í gestahúsi með sérinngangi. Svefnaðstaða er fyrir allt að 10 manns sem skiptist þannig að í aðalhúsi er hjónaherbergi með 140x200 sm rúmi og tvö kojuberbergi þar sem neðri kójan er 120 sm og efri 80 sm að breidd. Uppi á hálófti er 120 sm breitt rúm, tvær aukadýnur og sófi. Í gestahúsinu er 120 sm breitt rúm. Í húsinu er allur almennur búnaður auk þvottavélar og borðbúnaðar fyrir 12 manns. Í kringum húsið er stór verönd með heitum potti, útihúsgögnum og gasgrilli.



Fermetrar	120
Fjöldi svefnherbergja	4
Svefnpláss fyrir	10
Svefnloft	Já
Aukadýnur	2
Fjöldi sænga	10
Barnarúm	Ferða
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Heitur pottur	Já
Uppþvottavél	Já
Grill	Gas
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppþvottalögur	Nei
Rúmfatnaður/Handklæði	Nei
Tuskur og viskustykki	Nei
Internettenging	Kostar
Gæludýr leyfð	Nei





Arnarstapi

Orlofshúsið á Arnarstapa stendur við Sölvaslóð sem er hverfi með 13 sumarhúsum. Húsið er 60 fm með 2 hjónaherbergjum og þriðja herbergið er með kojum. Á svefnlofti eru 4 dýnur. Sængur og koddar eru fyrir alls 10 manns í húsinu og í eldhúsi er allur almennur búnaður fyrir 10 manns. Við húsið er verönd með heitum rafmagnspotti, útihúsgögnum og gasgrilli. Gæludýr eru leyfð í húsinu á Arnarstapa en nauðsynlegt er að vanda alla umgengni og þrifa vel eftir dýrin. Lausaganga dýra er stranglega bönnuð á svæðinu.



Fermetrar	60
Fjöldi svefnherbergja	3
Svefnpláss fyrir	10
Svefnloft	Já
Aukadýnur.....	4
Fjöldi sænga	10
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Heitur pottur (Rafmagns)	Já
Grill	Gas
Uppbottavél	Já
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppbottalögur	Nei
Rúmfatnaður/Handklæði	Nei
Tuskur og viskustykki	Nei
Internettenging	Kostar
Gæludýr leyfð	Já*

*Gæludýr eru velkomin en nauðsynlegt er að vanda alla umgengni og þrifa vel eftir dýrin. Lausaganga dýra er stranglega bönnuð.



Stykkishólmur

Um er að ræða 95 fm einbýlishús að Reitarvegi 2 í Stykkishólmi sem byggt er árið 1906 en hefur verið endurnýjað öllu leyti bæði að utan sem innan, með útsýni yfir sjóinn. Í húsinu eru tvö svefnherbergi. Í öðru er hjónarúm og hinu koja fyrir tvo (2x100x200 sm). Í stofu er svefnsofi fyrir tvo. Þá geta samtals 6 manns gist í húsinu.

Leigusali sér um að klútar, þvottaefni og annað sem nota þarf til að þrifa sé til í húsinu. Húsið er fullbúið helstu húsgögnum, raftækjum og búsaðhöldum. Ferðabarnarúm og barnastól fylgir. Einnig fylgir útvarp og sjónvarp, kolagrill (gott er að koma með kol), og útihúsgögn, borðstofuborð, borðstofustólar, sófasett og stofuborð. Í eldhúsi er eldavél með fjórum hellum og bakarofni. Örbylgjuofn, ísskápur, kaffikanna, hraðsuðuketill, þeytari, brauðrist, panna og önnur nauðsynleg eldhúsaðhöld. Á baði eru góð hreinlætistæki og sturta. Þvottavél er í húsinu.

Orlofsgestir eru beðnir um að hafa samband við umsýjarmann áður en farið er úr húsi.



Fermetrar	95
Fjöldi svefnherbergja	2
Svefnpláss fyrir	6
Svefnloft	Nei
Aukadýnur	Nei
Fjöldi sænga	8
Barnarúm	Ferða
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Heitur pottur	Nei
Uppþvottavél	Nei
Grill	Gas
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppþvottalögur	Nei
Rúmfatnaður/Handklæði	Nei
Tuskur og viskustykki	Nei
Internettenging	Kostar
Gæludýr leyfð	Já*

*Gæludýr eru velkomin en nauðsynlegt er að vanda alla umgengni og þrifa vel eftir dýrin. Lausaganga dýra er stranglega bönnuð.



Norðurás

Sameyki á 100 fm orlofshús við Norðurás 1, Svínadal, Hvalfirði. Húsið er með þremur svefnherbergjum fyrir 6 manns. Tvö rúm um 160x200 sm og eitt rúm ca 140x200 sm, að auki eru tvær dýnur. Sængur og koddar eru fyrir 8. Húsið er vel búið og í því allur almennur eldhúsbúnaður og borðbúnaður fyrir 12 manns. Á 100 fm barnheldri verönd eru garðhúsgögn, gasgrill og heitur pottur. Þvottavél er í geymslu.



Fermetrar	100
Fjöldi svefnherbergja	3
Svefnpláss fyrir	6 til 8
Svefnloft	Nei
Aukadýnur	2
Fjöldi sænga	8
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Heitur pottur	Já
Uppþvottavél	Já
Grill	Gas
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppþvottalögur	Nei
Rúmfatnaður/Handklæði	Nei
Tuskur og viskustykki	Nei
Internettenging	Kostar
Gæludýr leyfð	Nei



Krossholt

Sameyki er með til leigu yfir sumarið einbýlishús á Barðaströnd. Húsið er 118 fm og svefnpláss fyrir allt að 8 manns. Svefnherbergin eru þrjú, í einu þeirra er hjónarúm en í hinum 90 sm rúm. Tvær aukadýnur eru einnig í húsinu. Eldhúsið er vel búið með eldavél og uppvottavél, einnig er þvottavél í húsinu. Stór verönd er við húsið með heitum potti, gas- og kolagrilli.



Fermetrar	118
Fjöldi svefnherbergja	3
Svefnpláss fyrir	6-8
Svefnloft	Nei
Aukadýnur	2
Fjöldi sænga	8
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Fjöldi, borðbúnaður	10
Grill	Gas og kol
Heitur pottur	Já
Þvottavél	Já
Ræstiefni til þrifa	Já
Gólfmoppur	Já
Uppþvottalögur	Nei
Internettenging	Já
Gæludýr leyfð	Nei



Hólmavík

Einbýlishús á einni hæð við Lækjartún á Hólmavík. Húsið er um 105 fm með tveimur rúmgóðum svefnherbergjum með svefnplássi fyrir 6 manns. Í húsinu er vel búíð eldhús og þvottahús. Úr stofu er gengið út á gróna lóð með útsýni yfir Skeljavík, Skeljavíkurháls og Kálfanesfjall. Úr þvottahúsi er gengið út á sólþall, þar er aðstaða til að grilla. Á Hólmavík er m.a. góð sundlaug með heitum pottum, kaffihús og verslanir auk ágætrar afþreyingar fyrir ferðamenn s.s. golfvöllur og hestaleiga.



Fermetrar	105
Fjöldi svefnherbergja	2
Svefnpláss fyrir	6-8
Svefnloft	Nei
Aukadýnur	2
Fjöldi sænga	8
Barnarúm	Ferða
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Þvottavél	Já
Heitur pottur	Nei
Grill	Gas
Uppþvottavél	Nei
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	2
Uppþvottavél / Uppþvottalögur	Já / Nei
Rúmfatnaður/Handklæði	Nei
Tuskur og viskustykki	Nei
Internettenging	Já
Gæludýr leyfð	Nei



Bær III

Sameyki hefur á leigu 180 fm einbýlishús í Strandasýslu. Í húsinu eru fimm rúmgóð svefnherbergi með svefnpláss fyrir 10 manns. Að auki fylgja húsinu tvær aukadýnur og barnaferðarúm. Eldhúsið er stórt og ágætlega búið og stofan einnig. Í húsinu er þvottahús. Gasgrill og útihúsgögn fylgja með húsinu. Húsið stendur á fallegum stað og þaðan er gott útsýni yfir Steingrímsfjörð og Grímsey. Staðsetningin hentar vel til ferðalaga um Vestfirði m.a. í Árneshrepp á Ströndum og vestur í Ísafjarðardjúp. Stutt er í Drangsnæs þar sem er góð sundlaug, heitir pottar við sjóinn, veitingastaður og verslun. Hægt er að bóka ferðir út í Grímsey og í sjóstangaveiði frá Drangsnesi.



Fermetrar	180
Fjöldi svefnherbergja	5
Svefnpláss fyrir	10
Svefnloft	Nei
Aukadýnur	2
Fjöldi sænga	10
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Heitur pottur	Nei
Grill	Gas
Uppþvottavél	Já
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppþvottalögur	Nei
Rúmfatnaður/Handklæði	Nei
Tuskur og viskustykki	Nei
Internettenging	Nei
Gæludýr leyfð	Nei




Náttúruundur

Þessi myndarlegi drangi, Hvítserkur, situr á ströndinni á Vatnsnesi í Vestur-Húnavatnssýslu og er 15 metra hátt basalt bjarg – tröll. Aðgengi að Hvítserki er gott og hægt er að ganga alveg upp að honum þegar fjarar frá. Því er gott að gæta að sjávarföllum til að komast í návígi við Hvítserk og virða hann fyrir sér. Sjá má ýmsar kynjamyndir í Hvítserki eins og t.d. nashyrning á beit.



Blönduós

Sameyki hefur á leigu sumarhús við Brautarholt á Blönduósi. Í húsinu eru tvö svefnherbergi. Í hjónaherbergi er hjónarúm en tvö rúm í hinu herberginu. Í stofu er svefnsófi. Alls er svefnpláss fyrir 6 manns. Húsið er staðsett í orlofshverfi svo þar er þjónustumiðstöð fyrir gesti. Í þjónustumiðstöðinni er þvottavél og þurrkari sem gestir geta nýtt sér gegn vægu gjaldi. Athugið að engar aukadýnur eru í húsinu en hægt að fá þær í þjónustumiðstöð. Þegar húsinu er skilað skal vera búið að taka til, vaska upp og rusl tekið. Leigusali sér um þríf.



Fermetrar	56
Fjöldi svefnherbergja	2
Svefnpláss fyrir	6
Svefnsófi í stofu	Já
Svefnloft	Nei
Aukadýnur	Nei
Fjöldi sænga	6
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Fjöldi, borðbúnaður	8
Grill	Gas
Heitur pottur	Já
Þvottavél í þjónustumiðstöð	Já
Ræstiefni til þrifa	Já
Uppþvottalögur	Já
Tuskur og viskustykki	Já
Internettenging	Kostar
Gæludýr leyfð	Já*

*Gæludýr eru velkomin en nauðsynlegt er að vanda alla umgengni og þrifa vel eftir dýrin. Lausaganga dýra er stranglega bönnuð.



Akureyri & nágrenni

Sameyki býður upp á fjölbreytta orlofskosti á Norðurlandi, alls um 10 eignir á Akureyri og í næsta nágrenni. Sameyki á tvær íbúðir inn í bænum, tvö hús í Hálöndum og eitt orlofshús í Kjarnabyggð.

Þá tekur félagið á leigu allt að fimm stúdentaíbúðir í bænum.





Skálatún

Við Skálatún á félagið 4ra herbergja íbúð á efri hæð. Svefnpláss er fyrir 5-6 manns. Í tveimur svefnherbergjanna eru 4 rúm sem hægt er að setja saman tvö og tvö en í því þriðja er eitt 140 sm breitt rúm. Í eldhúsi er allur almennur borðbúnaður fyrir 10. Út frá stofunni eru litlar svalir þar sem er gasgrill.




Fermetrar	100
Fjöldi svefnherbergja	3
Svefnpláss fyrir	5-6
Svefnloft	Nei
Aukadýnur	2
Fjöldi sænga	8
Barnarúm	Ferða
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Heitur pottur	Nei
Grill	Gas
Uppbottavél	Já
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppbottalögur	Nei
Tuskur og viskustykki	Nei
Internettenging	Kostar
Gæludýr leyfð	Nei

Hamratún

Við Hamratún á félagið 4ra herbergja íbúð á efri hæð. Svefnpláss er fyrir allt að 8 manns. Í einu svefnherbergjanna er tvíbreitt rúm og í öðru herbergi eitt 140 sm rúm. Í forstofuherbergi eru kojur og eitt 100 sm rúm. Auk þess eru 2 góðar aukadýnur og 2 minni (fyrir börn) og barnaferðarúm. Í eldhúsi er allur almennur borðbúnaður fyrir 10 manns. Út frá stofunni eru litlar svalir þar sem er gasgrill. Heitur pottur er á verönd í garði við enda hússins.



Fermetrar	100
Fjöldi svefnherbergja	3
Svefnpláss fyrir	5-6
Svefnloft	Nei
Aukadýnur	2
Fjöldi sænga	8
Barnarúm	Ferða
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Heitur pottur	Já
Grill	Gas
Uppbottavél	Já
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppbottalögur	Nei
Tuskur og viskustykki	Nei
Internettenging	Kostar
Gæludýr leyfd	Nei



Fossar

Á Íslandi er mikill fjöldi fallegra fossa, líklega eru þeir óteljandi margir, af öllum stærðum og gerðum, eins og þessi fagri 100 metra hái foss – Dynjandi. Hann er einnig er þekktur undir heitinu Fjallfoss. Dynjandi er efstur fimm annarra fallegra fossa og mynda fossaröð sem renna ofan af Dynjandisheiði í Arnarfjörð.

Tilvalið er að skipuleggja skoðunarferðir til að virða þá fyrir sér og njóta þeirra þegar farið er í sumarleyfið.

Í nágrenni margra orlofshúsa Sameykis eru fossar sem skemmtilegt er að heimsækja.





Kjalarsíða

Sameyki leigir stúdentaíbúðir í sumar fyrir félagsmenn á Kjalarsíðu. Íbúðirnar eru 75 fm og þar geta allt að 6 manns gisti. Í íbúðunum eru tvö svefnherbergi og í stofu er svefnsófi. Í báðum svefnherbergjunum eru tvö 90x200 rúm. Tvær auka dýnur fylgja íbúð. Eldhúsið er ágætlega búið með eldavél og örbylgjuofni. Þvottavél og þurrkari eru á hæðinni.



Fermetrar	75
Fjöldi svefnherbergja	2
Svefnpláss fyrir	5
Svefnsófi í stofu	Já
Svefnloft	Nei
Aukadýnur	2
Fjöldi sænga	6
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Fjöldi, borðbúnaður	6
Grill	Gas
Heitur pottur	Nei
Þvottavél	Já
Ræstiefni	Já
Uppþvottalöngur	Nei
Internettenging	Nei
Gæludýr leyfð	Nei

Kjarnabyggð

Orlofshúsið í Kjarnabyggð í Kjarnaskógi stendur við Götu Mánans og er um 70 fm að stærð. Svefnpláss er fyrir alls 6 manns, þ.e. fyrir 4 í tveimur hjónaherbergjum og fyrir 2 í barnaherbergi. Sængur og koddar eru fyrir 8 manns og borðbúnaður fyrir 10. Góð verönd er í kringum húsið með útihúsgögnum, gasgrilli og heitum potti. Rampur er fyrir ofan húsið svo aðgengi fyrir fatlaða er þokkalegt. Húsinu fylgja tvö reiðhjól fyrir fullorðna og tvö barnareiðhjól og eru þau í kjallara ásamt þvottavél. Kjarnabyggð er gegnt flugvælinum á Akureyri og um 3,5 km frá miðbæ Akureyrar.



Fermetrar.....	70
Fjöldi svefnherbergja	3
Svefnpláss fyrir	6
Svefnloft.....	Nei
Aukadýnur	Nei
Fjöldi sænga	8
Barnarúm	Ferða
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Heitur pottur	Já
Grill	Gas
Uppþvottavél	Já
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppþvottalögur	Nei
Tuskur og viskustykki	Nei
Internettenging	Kostar
Gæludýr leyfð	Nei



Holtaland

Sameyki á tvö orlofshús í Hálöndum í brekkunni miðja vegu milli Akureyrarbæjar og skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli. Þar er nýtt útivistarsvæði þar sem fleiri stéttarfélög eiga hús. Húsin eru bæði þriggja herbergja (106 fm) með gistimöguleika fyrir 8 manns. Í húsunum eru tvær snyrtingar. Inn af annarri snyrtingunni er þvottaherbergi en hin snyrtingin er hluti af baðaðstöðu sem tengist pottrými hússins. Hægt er að ganga beint úr pottrými út á suðuverönd. Í húsinu er einnig stór geymsla með sérinngangi enda gert ráð fyrir að gestir séu margir hverjir með skíði eða viðlegubúnað að vetri sem getur verið gott að geyma og þurrka.



Fermetrar	106
Fjöldi svefnherbergja	3
Svefnpláss fyrir	8
Svefnsofi í stofu	Nei
Svefnloft	Nei
Aukadýnur	Nei
Fjöldi sænga	8
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Fjöldi, borðbúnaður	12
Grill	Gas
Heitur pottur	Já
Þvottavél	Já
Ræstiefni	Já
Uppþvottalögur	Nei
Internettenging	Kostar
Gæludýr leyfd	Nei

Þráðlaust net

Sumarleiga

Dagleiga



Illugastaðir

Sameyki leigir hús á Illugastöðum í Fnjóskadal. Húsið er með tveimur svefnherbergjum og er ætlað fyrir 6-8 manns. Húsið er ágætlega búið með borðbúnaði fyrir átta. Umhverfis húsið er verönd með garðhúsgögnum og gasgrilli. Þá er þar einnig heitur pottur. Hægt er að fá barnarúm og stól hjá umsjónarmanni. Á svæðinu er einnig sundlaug.



Sumarleiga



Fermetrar	45
Fjöldi svefnherbergja	2
Svefnpláss fyrir	8
Svefnsófi í stofu	Já
Svefnloft	Nei
Aukadýnur	Nei
Fjöldi sænga	8
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Fjöldi, borðbúnaður	8
Grill	Kol
Heitur pottur	Já
Pvottavél	Nei
Gólfmoppur	Já
Ræstiefni	Já
Uppbættalögur	Nei
Internettenging	Nei
Gæludýr leyfð	Nei

Barnarúm/barnastóll er hægt að fá hjá umsjónarmanni



Hólar í Hjaltadal

Sameyki hefur á leigu eina íbúð að Hólum í Hjaltadal. Um er að ræða snyrtilega og vel búna 5 herbergja íbúð á jarðhæð. Í fjórum svefnherbergjum er svefnpláss fyrir sjö manns. Þvottahús er í íbúðinni. Að Hólum er sundlaug og margvísleg þjónusta fyrir ferðamenn.



Fermetrar	98
Fjöldi svefnherbergja	4
Svefnpláss fyrir	7
Svefnsófi í stofu	Nei
Svefnloft	Nei
Aukadýnur	2
Fjöldi sænga	7
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Fjöldi, borðbúnaður	8
Grill	Gas
Heitur pottur	Nei
Þvottavél	Já
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppþvottalögur	Nei
Internetting	Nei
Gæludýr leyfð	Nei



Orlofshús á Spáni

Sameyki á þrjár eignir á Spáni, allar í nágrenni Alicante. Um er að ræða hús í Quesada og 2 íbúðir í fjölbýlishúsi við ströndina Los Arenales del Sol.

Íbúð á fyrstu hæð í Los Arenales del Sol

Íbúðin er um 70 fm að stærð og í henni eru tvö svefnherbergi auk þess sem svefnsófi er í stofu. Gistimöguleikar eru fyrir allt að 7 manns en einnig er barnarúm og barnastóll í íbúðinni og tvö baðherbergi.

Íbúð á efstu hæð Los Arenales del Sol

100fm íbúð með þremur svefnherbergjum og er hjónarúm í þeim öllum. Þá eru tvö baðherbergi í íbúðinni, annað þeirra er sérstaklega hannað

fyrir hreyfihamlaða. Efstu íbúðinni fylgir stórt einkapaksvæði sem er afgirt en þar má finna stóla, sólhlífar, borð og sólbaðsbekki til afnota fyrir gesti.

Hús á þremur hæðum í Samara Quesada

Húsið er í íbúðakjarna sem stendur í íbúðahverfi í austurhluta Quesada bæjarins. Það er á endalóð með sameiginlegri útiaðstöðu og góðri sundlaug sem deilt er með fleiri húsum í íbúðakjarnanum. Af svölum annars herbergisins er gengið upp á þakverönd með stólum, sólbekkjum og borði.

Ítarlegar upplýsingar um eignir Sameykis á Spáni má finna á Orlofshúsavefnum, orlof.is/sameyki.





Eiðar

Á orlofshúsasvæðinu Eiðum á Sameyki 6 hús, nr. 5, 10, 11, 12, 13 og 14. Í öllum húsunum eru þrjú svefnherbergi og 2 aukadýnur. Þar er svefnpláss fyrir allt að 7 manns. Eldhús eru ágætlega búin og borðbúnaður fyrir átta manns. Athugið að í húsum nr. 4, 5, 10 og 12 er ekki eldavél heldur einungis eldavélarhellur og enginn bakaraofn. Pallar í kringum húsin eru rúmgóðir með útihúsgögnum og gasgrilli. Árabátur fylgir hverju húsi og heimilt er að veiða í Eiðavatni. Margt er hægt að skoða í nánasta umhverfi og merktar gönguleiðir eru við Eiðavatn. Frá Eiðum eru 14 km að næsta þéttbýliskjarna, Egilsstöðum. Þar er sundlaug, matvöruverslanir og ýmis önnur þjónusta. Golfvöllur er í Fellabæ.



Fermetrar	54
Fjöldi svefnherbergja	3
Svefnpláss fyrir	6-7
Svefnloft	Nei
Aukadýnur	2
Fjöldi sænga	8
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Heitur pottur	Nei
Grill	Gas
Uppbottavél	Nei
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppbottalögur	Nei
Tuskur og viskustykki	Nei
Internettenging	Nei
Gæluþyr leyfð	Nei



Hólasetur

Sameyki á orlofshús í landi Fellskots í Biskupstungum. Húsið er 85 fm með svefnplássi fyrir 7 manns. Við húsið er 26 fm gestahús með rúmplássi fyrir 4. Baðherbergi með sturtum er í báðum húsunum. Allur almennur eld-húsbúnaður og borðbúnaður er í húsinu fyrir 12 manns. Á verönd er heitur pottur og útihúsgögn. Stór lóð er í kringum húsin og er þar m.a. körfuboltavöllur. Gæludýr eru velkomin en nauðsynlegt er að vanda alla umgengni og þrifa vel eftir dýrin. Lausaganga dýra er stranglega bönnuð.



Fermetrar	111
Fjöldi svefnherbergja	3 til 4
Svefnpláss fyrir	11
Svefnloft	Nei
Aukadýnur	Nei
Fjöldi sænga	12
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Heitur pottur	Já
Grill	Gas
Uppbrottavél	Já
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppbrottalögur	Nei
Tuskur og viskustykki	Nei
Internettenging	Kostar
Gæludýr leyfð	Já*

*Gæludýr eru velkomin en nauðsynlegt er að vanda alla umgengni og þrifa vel eftir dýrin. Lausaganga dýra er stranglega bönnuð.



Úthlíð

Sameyki á 93 fm hús í Úthlíð í Biskupstungum. Aðalhúsið er með tveimur svefnherbergjum hvort með 153x200 sm rúmi. Í öðru er koja yfir rúmi, gisting fyrir 6-8 manns. Á lofti eru tvö rúm 90x200 sm ásamt aukadýnum. Í alrými er eldhús, borðstofa og stofa. Í 20 fm gestahúsi er svefnpláss fyrir 4-6, baðherbergi með sturtu, ísskápur og sjónvarp. Svefnpláss fyrir allt að 12 manns. Húsið er vel búið og í eldhúsi er borðbúnaður fyrir 12 manns, baðherbergin í báðum húsum hafa verið endurnýjuð og aðstöðu fyrir þvottavél bætt við. Stór verönd er kringum húsið með heitum potti og útihúsgögnum. Úthlíð er gróð orlofshúsaðverfi. Í hverfinu er m.a. sundlaug, verslun og golfvöllur.



Fermetrar	93
Fjöldi svefnherbergja	2
Gestahús	1
Svefnpláss fyrir	12
Svefnsófi í stofu	Nei
Svefnloft	Já
Aukadýnur	2
Fjöldi sænga	12
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Fjöldi, borðbúnaður	12
Grill	Gas
Heitur pottur	Já
Þvottavél	Já
Ræstiefni til þrifa	Já
Uppþvottalögur	Nei
Internettenging	Kostar
Gæludýr leyfð	Nei





Flúðir

Sameykki hefur tekið á leigu þrjár íbúðir á annarri hæð í hóteleiningu sem er án lyftu. Minnsta íbúðin er 63 fm með einu svefnherbergi og gistingu fyrir 4. Þá er 68 fm íbúð með stofu, eldhúsi, baðherbergi og einu svefnherbergi. Þriðja íbúðin er 87 fm með tveimur svefnherbergjum og gistingu 4-6 og sú þriðja er 120 fm. Í íbúðunum er svefnsófi í stofu en í svefnherbergjum eru tvö rúm 90x200 sm. Íbúðirnar eru vel útbúnar. Í íbúðunum eru góðar svalir með útiborði og 4 stólum, ásamt gasgrilli. Í kjallara verður aðstaða til að þvo og hægt er að fá 1-2 aukadýnur.



Fermetrar	63-120
Fjöldi svefnherbergja	1-2
Svefnpláss fyrir	4-6
Svefnloft	Nei
Aukadýnur	2
Fjöldi sænga	6
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Heitur pottur	Nei
Grill	Gas
Uppþvottavél	Já
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppþvottalögur	Nei
Rúmfatnaður/Handklæði	Nei
Tuskur og viskustykki	Nei
Internettenging	Já
Gæludýr leyfð	Nei



Úlfljótsvatn

Sameyki á 12 orlofshús á orlofshúsasvæði félagsins við Úlfljótsvatn. Húsin eru í fimm mismunandi stærðum frá 30-66 fm. Í minnstu húsunum er eitt svefnherbergi og svefnloft en í þeim stærri tvö svefnherbergi og svefnloft. Húsin eru ágætlega búin og borðbúnaður er fyrir 8-12 manns. Umhverfis öll húsin er góð verönd með heitum potti, garðhúsgögnum og gasgrilli. Góð leikaðstaða er á svæðinu, fótboltavöllur, aparóla og skemmtilegt leiksvæði með rólum, trampólíni o.fl. Þá eru góðar gönguleiðir í nágrenninu. Nánari lýsingar á húsunum má sjá á orlofs-húsavef Sameykis.



Minni hús. Nr. 7, 8, 9

Fermetrar	30
Fjöldi sv.herbergja	1
Svefnpláss fyrir	3
Svefnsofi í stofu	Nei
Svefnloft	Já
Aukadýnur	4
Fjöldi sænga	6
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Fjöldi, borðb.	8
Grill	Gas
Heitur pottur	Já
Þvottavél	Nei
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppþvottalögur	Nei
Internettenging	Kostar
Gæludýr leyfð	Nei

Stærri hús. Nr. 1-6, 10, 11, 12

Fermetrar	48/53/66
Fjöldi sv.herbergja	2
Svefnpláss fyrir	5-6
Svefnsofi í stofu	Nei
Svefnloft	Já
Aukadýnur	4
Fjöldi sænga	8
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp/DVD	Já
Útvarp	Já
Fjöldi, borðbúnaður	12
Grill	Gas
Heitur pottur	Já
Þvottavél	Nei
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppþvottalögur	Nei
Internettenging	Kostar
Gæludýr leyfð	Nei



Akrasel

Sameyki á sumarhús í Akraseli við Álftavatn í Grímsnesi. Húsið er 58 fm með þremur svefnherbergjum og er svefnpláss fyrir 6 manns. Húsið er vel búið öllum venjulegum húsbúnaði. Borðbúnaður er fyrir 12 manns. Á verönd við húsið er heitur pottur, gasgrill og útihúsgögn. Við húsið er leiksvæði með rólum og sandkassa. Leyfilegt er að hafa gæludýr í húsínu.



SUBURLAND



Fermetrar	58
Fjöldi svefnherbergja	3
Svefnpláss fyrir	6-7
Svefnloft	Nei
Aukadýnur	2
Fjöldi sænga	8
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Heitur pottur	Já
Grill	Gas
Pvottavél	Nei
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppbrottalögur	Nei
Tuskur og viskustykki	Nei
Internettenging	Kostar
Gæludýr leyfð	Já*

*Gæludýr eru velkomin en nauðsynlegt er að vanda alla umgengni og þrifa vel eftir dýrin. Lausaganga dýra er stranglega bönnuð.

Þráðlaust net

Gæludýr leyfð



Vaðnes

Sameyki á átta hús við Bollagarða í Vaðnesi í Grímsnesi. Þau eru öll 60 fm að stærð með 3 svefnherbergjum þar sem er svefnpláss fyrir sex manns. Hjónaherbergi eru tvö og eitt kojuherbergi. Í eldhúsi er að finna uppþvottavél og öll algeng eldhúsáhöld og borðbúnað fyrir 10 manns. Þá er heitur pottur og góð verönd umhverfis húsin með garðhúsgögnum og gasgrilli. Orlofshúsasvæði Vaðness er fallegt gróið svæði í miðju Grímsnesinu og þar er m.a. leiksvæði með fótboltavelli, rólum o.fl.



Fermetrar	60
Fjöldi svefnherbergja	3
Svefnpláss fyrir	6
Svefnloft	Nei
Aukadýnur	Nei
Fjöldi sænga	7
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Heitur pottur	Já
Grill	Gas
Uppþvottavél	Já
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppþvottalögur	Nei
Tuskur og viskustykki	Nei
Internettenging	Kostar
Gæluðyr leyfð	Nei



Sóltún 12

Íbúðin er í fjölbýlishúsi við Sóltún í Reykjavík. Þetta er glæsileg 100 fm endaíbúð á 3. hæð og henni fylgja tvennar svalir. Lyfta er í húsinu. Íbúðin er þrígga herbergja. Svefnpláss er fyrir 5, þ.e. fyrir 2 í hjónaherbergi, í barnaherbergi er kofa fyrir 2 og 1 stakt rúm (90 sm). Í íbúðinni er allur almenntur búnaður og borðbúnaður fyrir 10 manns.



Fermetrar	100
Fjöldi svefnherbergja	2
Svefnpláss fyrir	5
Svefnsófi	Nei
Aukadýnur	Nei
Fjöldi sænga	5
Barnarúm	Ferða
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Heitur pottur	Nei
Grill	Nei
Uppbrottavél	Já
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppbrottalögur	Nei
Tuskur og viskustykki	Nei
Internettinging	Kostar
Gæludýr leyfð	Nei



Grandavegur 42

Íbúðin á Grandavegi 42D er fjögurra herbergja íbúð (121 fm) á þriðju hæð ásamt 22 fm svölum. Íbúðin er með þremur svefnherbergjum og tveimur baðherbergjum. Svefnaðstaða er fyrir alls 6 manns í þremur tvíbreiðum rúmum. Í íbúðinni er allur almennur búnaður og borðbúnaður fyrir 12 manns. Þvottavél er íbúðinni. Bílastæði í bilageymslu fylgir íbúðinni.



Íbúðin á Grandavegi 42G er fjögurra herbergja íbúð (103 fm) á þriðju hæð ásamt 9 fm svölum. Íbúðin er með tveimur svefnherbergjum og svefnaðstöðu fyrir fyrir alls fjóra í tveimur í tvíbreiðum rúmum. Í íbúðinni er allur almennur búnaður og borðbúnaður fyrir 12 manns. Þvottavél er íbúðinni. Bílastæði í bilageymslu fylgir íbúðinni.



Grandavegur 42D

Fermetrar	121
Fjöldi sv.herbergja	3
Svefnpláss fyrir	6
Svefnsófi	Nei
Aukadýnur	Nei
Fjöldi sænga	6
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Heitur pottur	Nei
Grill	Nei
Uppþvottavél	Já
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppþvottalögur	Nei
Tuskur/viskustykki	Nei
Internettenging	Kostar
Gæludýr leyfð	Nei

Grandavegur 42G

Fermetrar	103
Fjöldi sv.herbergja	2
Svefnpláss fyrir	4
Svefnsófi	Nei
Aukadýnur	Nei
Fjöldi sænga	4
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Heitur pottur	Nei
Grill	Nei
Uppþvottavél	Já
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppþvottalögur	Nei
Tuskur/viskustykki	Nei
Internettenging	Kostar
Gæludýr leyfð	Nei



Grandavegur 45

Sameyki á einnig í fjölbýlishúsi á Grandavegi 45 3ja herbergja íbúð á 1. hæð. Svefnpláss er fyrir 6, þ.e. fyrir 2 í hjónaherbergi, 2 í barnaherbergi og 2 á sófa í holi. Í eldhúsi eru öll algengustu áhöld ásamt borðbúnaði fyrir 10 manns. Íbúðin er vel útbúin húsgögnum og stutt er í alla þjónustu í nærliggjandi umhverfi.



Fermetrar	80
Fjöldi svefnherbergja	2
Svefnpláss fyrir	6
Svefnsófi	Já
Aukadýnur	Nei
Fjöldi sænga	6
Barnarúm	Ferða
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Heitur pottur	Nei
Grill	Nei
Uppbrottavél	Já
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppbrottalögur	Nei
Tuskur og viskustykki	Nei
Internettenging	Kostar
Gæludýr leyfð	Nei

Þráðlaust net

Eingöngu fyrir landsbyggðina

Daglegja

HÖFUDBORGARSVÆÐID

Spánn

Quesada

Los Arenales del Sol

Sameyki á þrjár eignir á Spáni, allar í nágrenni Alicante. Um er að ræða hús í Quesada og 2 íbúðir í fjölbýlishúsi við ströndina Los Arenales del Sol. Húsið og íbúðirnar eru vel útbúin og í þeim er m.a. þvottavél og loftkæling.

Ítarlegan upplýsingabækling um eignirnar okkar á Spáni má finna á orlofsvef Sameykis.





Los Arenales del Sol

Íbúðirnar eru í fjölbýlishúsi við strandgötuna í Arenales del Sol, eða í um það bil 10 km fjarlægð frá flugvelli, 13 km sunnan við Alicante. Á útisvæði hússins er sundlaug, tennisvöllur, æfingataeki og leiktæki fyrir börn og fullorðna. Gestir hafa fullan aðgang að öllu sem er á lóðinni. Ströndin er hinum megin við götuna sem húsið stendur við en þangað er hægt að ganga beint í gegnum garð hússins. Merkt bílastæði eru í bilageymslu.

Íbúð á 1. hæð

Íbúðin er um 70 fm að stærð og í henni eru tvö svefnherbergi auk þess sem svefnsofi er í stofu. Í öðru svefnherberginu er hjónarúm en í hinu hjónarúm með konu þvert yfir rúmið. Gistimöguleikar eru fyrir allt að 7 manns en einnig er barnarúm og barnastóll í íbúðinni. Tvö baðherbergi eru í íbúðinni. Allur almennur búnaður er í íbúðinni og borðbúnaður fyrir 12 manns. Út af vel búnu eldhúsi og kújuherbergi sem snúa í sömu átt er um 10 fm sólpallur. Á pallinum eru borð og stólar og skápur með þvottavél og hreinlætisvörum. Úr stofu og hjónaherbergi er gengið út á stærri sólpall. Þar eru borð, stólar og legubekkir ásamt borði og sólhlíf.



Íbúð á 1. hæð Arenales del Sol

Fermetrar	70
Fjöldi svefnherbergja	2
Svefnpláss fyrir	6-7
Svefnsofi	Já
Aukadýnur	Nei
Fjöldi sænga	7
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Sundlaugargarður	Já
Grill	Já
Uppþvottavél	Já
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppþvottalögur	Nei
Tuskur og viskustykki	Nei
Internettenging	Já
Baðherbergi	2



Los Arenales del Sol

Íbúð á efstu hæð

Íbúð á efstu hæð er 100 fm með þremur svefnherbergjum og er hjónarúm í þeim öllum. Svefnpláss er því fyrir 6 manns. Þá eru tvö baðherbergi í íbúðinni, annað þeirra er sérstaklega hannað fyrir hreyfihamlaða. Allur almennur búnaður er í íbúðinni og borðbúnaður fyrir 12 manns. Út af vel búnu eldhúsi eru stórar svalir meðfram íbúðinni með fallegu útsýni í átt til sjávar. Þar að auki fylgir íbúðinni stórt einkapaksvæði sem er afgirt en þar má finna stóla, sóhlífur, borð og sólbaðsbekki til afnota fyrir gesti. Allur almennur búnaður er í íbúðinni, sængur og koddar fyrir 6 manns. Auk þess er þar barnarúm með barnasæng og kodda og barnastóll. Stutt ganga er á sólarströndina.



Efsta hæð Arenales del Sol

Fermetrar	100
Fjöldi svefnherbergja	3
Svefnpláss fyrir	6
Svefnsofi	Já
Aukadýnur	Nei
Fjöldi sænga og handklæða	6
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Sundlaugargarður	Já
Grill	Já
Uppbottavél	Já
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppbottalögur	Nei
Tuskur og viskustykki	Nei
Internettenging	Já
Baðherbergi	2





Samara Quesada

Hús í íbúðakjarna

Húsið er í íbúðakjarna sem stendur í íbúðahverfi í austurhluta Quesada bæjarins. Það er á endalóð með sam-
eiginlegri útiaðstöðu og góðri sundlaug sem við deilum
með fleiri húsum í íbúðakjarnanum. Bílastæði er við húsið
inni á lokaðri lóð og einnig er hægt að leggja við götuna.
Bærinn Quesada er rólegur og fallegur með nokkrum
þjónustukjörnum. Húsið er á þremur hæðum og auk þess
er verönd á þakinu. Við stigana eru öryggishlið fyrir börn.
Á aðalhæð, fyrstu hæð, er eldhús, borðstofa og stofa og
þar er gestasalerni. Á veröndinni fyrir utan er grill, borð
og stólar auk sólbaðsbekkjia í garðinum. Í kjallara er sjón-
varpshol með svefnsófa fyrir tvo og hjónaherbergi með
baði. Á annarri hæð eru tvö hjónaherbergi með svölum og
baðherbergi. Svefnpláss er fyrir 8 manns auk ung barns.
Allur almennur búnaður er í húsinu og borðbúnaður fyrir
12 manns. Af svölum annars herbergisins er gengið upp
á þakverönd með stólum, sólbekkjum og borði.



Hús á þremur hæðum í Samara Quesada

Fjöldi svefnherbergja	3
Svefnpláss fyrir	8
Svefnsófi	Já
Aukadýnur	Nei
Fjöldi sænga og handklæða	8
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Sundlaugargarður	Já
Grill	Já
Uppbottavél	Já
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppbottalögur	Nei
Tuskur og viskustykki	Nei
Internettenging	Já
Baðherbergi	3

Gjafabréf

Icelandair

Félögum í Sameyki býðst að kaupa 7 gjafabréf á ári í flug með Icelandair. Gjafabréf gildir sem greiðsla fyrir áætlunarflug til allra áfangastaða Icelandair. Gjafabréfin gilda í fimm ár og verða að notast innan þess tíma. Ekki er hægt að skila gjafabréfi. Gjafabréfin er hægt að kaupa á Orlofshúsavefnum. Á gjafabréfinu er númer



Ljósmynd: Axel Jón Ellenarson

sem nota þarf þegar flug er bókað. Gjafabréfið kostar 21.500 kr. en er að andvirði 30.000 kr.

Flugfélagið Ennir

Félagsmenn sem hafa lögheimili á þeim stöðum sem Flugfélagið Ennir flýgur til geta sótt um endurgreiðslu á flugfari á hverju almanaksári að upphæð allt að 33.000 kr.

Úrval Útsýn

Félagar í Sameyki geta keypt tvö gjafabréf upp í pakkaferðir með Úrval Útsýn til Almería á Spáni, Mallorca, Kanaríeyja og ferðir Úrvalsfólks. Gjafabréfin er hægt að kaupa á Orlofshúsavefnum. Á bréfinu er númer sem nota þarf þegar ferð er bókuð. Gjafabréf kostar 20.000 kr. en er að andvirði 30.000 kr. Nota má tvö gjafabréf í bókun fyrir tvo eða fleiri í ferð.

Úthlutun orlofsávísana

Félagsmenn Sameykis geta sótt um sérstakar orlofsávísanir að andvirði 30.000 kr. á sama hátt og önnur orlofstilboð á Orlofshúsavefnum meðan á umsóknarferli sumarúthlutunar stendur (apríl). Eftir að úthlutun er lokið er ekki hægt að fá orlofsávísun. Ekki er hægt að skila ávísun ef hún er ekki notuð sumarið 2022. Orlofsávísanirnar gilda fyrir orlofstilboð innanlands sumarið 2022, frá 1. júní til 31. ágúst.

Félagsmaður sem fær úthlutað orlofsávísun framvísar kvittunum eftir að ferð að eigin vali er lokið og fær andvirði orlofsávísunar greitt inn á bankareikning sinn gegn framvísun gildra kvittana. Kvittanir verða að vera löglegar með stimpli viðkomandi söluaðila og innan tímabilsins 1. júní - 31. ágúst 2022. Kvittanir verða að vera með nafni og kennitölu félagsmanns til þess að fást greiddar. Athugið að takmarkaður fjöldi orlofsávísana er í boði og því geta ekki allir sem sækja um fengið úthlutað orlofsávísun.

Orlofsávísanir gilda fyrir:

- Gistingu utan orlofskerfis, þ.e. hótél, gistihús, tjaldstæði o.s.v.frv.
- Leigu fyrir hjólhýsi, fellihýsi, bílaleigubíl eða tjaldvagna.
- Skoðunarferðir, t.d. hvalaskoðun, fuglaskoðun o.þ.h.
- Skipulagðar gönguferðir með viðurkenndum ferðapjónustuaðilum eða félögum, utan þeirra ferða sem félagið býður upp á.
- Skipulagðar hópferðir, hestaferðir, siglingar, veiðileyfi o.s.v.frv.

Ekki er hægt að framvísa kvittunum fyrir matarútgjöldum, bensíni og/eða almennum ferðakostnaði, svo sem fargjaldi í flugi, rútu eða með ferju, nema það sé hluti af skipulagðri hópferð.

Ekki er hægt að framvísa kvittunum fyrir þjónustu sem Sameyki eða önnur stéttarfélag bjóða sínum félögum.

Dagleiguhús



Grandavegur 42 D og G

Íbúðin á Grandavegi 42D er fjögurra herbergja íbúð (121 fm) á þriðju hæð ásamt 22 fm svölum. **Íbúðin á Grandavegi 42G** er þriggja herbergja íbúð (103 fm) á þriðju hæð ásamt 9 fm svölum. Sjá allar upplýsingar á bls. 44-45.



Bollagarðar í Vaðnesi

Bollagarðar í Vaðnesi í Grímsnesi. 60 fm orlofshús með 3 svefnherbergjum þar sem er svefnpláss fyrir sex manns. Hjónaherbergi eru tvö og eitt kojuberbergi. Sjá allar upplýsingar á bls. 42.



Grandavegur 45

3ja herbergja íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi á Grandavegi 45. Svefnpláss er fyrir 6, þ.e. fyrir 2 í hjónaherbergi, 2 í barnaherbergi og 2 á sófa í holi. Sjá allar upplýsingar á bls. 46.



Sóltún 12

Glæsileg 100 fm endaíbúð á 3. hæð og henni fylgja tvennar svalir. Lyfta er í húsinu. Íbúðin er þriggja herbergja. Sjá allar upplýsingar á bls. 43.

Munaðarnes

Dagleiguhús nr. 14 í Vörðuási og nr. 73 í Stekkjarhlíð. Dagleiguhús nr. 30 í Eyrarhlíð og hús 74 og 75 í Stekkjarhól. Orlofshúsin eru mismunandi að stærð frá 63-90 fm og rúma 5-7 gesti. Í öllum húsunum er myndlykill frá Stöð 2 og 4G beinir frá Vodafone. Hægt er að sjá allar nánari upplýsingar á bls. 8-13.

Dagleighús



Skálatún á Akureyri

Við Skálatún á félagið 4ra herbergja íbúð á efri hæð. Svefnpláss er fyrir 5-6 manns. Allar upplýsingar um Skálatún má finna á bls. 28.



Úlfjótstvatn

Dagleighúsin er nr. 9 og 10. með einu svefnherbergi og svefnlofti og hús nr. 10 sem er eitt hjónaherbergi og eitt kojaherbergi ásamt svefnlofti. Umhverfis öll húsin er góð verönd með heitum potti, garðhúsgögnum og gasgrilli. Sjá allar upplýsingar á bls. 40.



Hamratún á Akureyri

Við Hamratún á félagið 4ra herbergja íbúð á efri hæð. Svefnpláss er fyrir allt að 8 manns. Allar upplýsingar um Hamratún má finna á bls. 29.



Eiðar á austurlandi

Dagleighúsin er nr. 12 og 13. Í öllum húsunum eru þrjú svefnherbergi og tvær aukadýnur. Þar er svefnpláss fyrir allt að 7 manns. Sjá allar upplýsingar á bls. 36.



Holtaland á Akureyri

Húsin eru bæði þriggja herbergja (106 fm) með gisti-möguleika fyrir 8 manns. Í húsunum eru tvær snyrtingar. Inn af annarri snyrtingunni er þvottaherbergi. Sjá allar upplýsingar um Holtaland á bls. 32.

Verðskrá dagleighúsa

Úlfjótstvatn

Litla húsið – 6.000 kr. gistinóttin og í nr. 3. – 7. kostar gistinóttin 3.000 kr.

Leiga annarra húsa

1. gistinótt 9.000 kr.
2. gistinótt 9.000 kr.
3. gistinótt í húsum 3-7, 3.500 kr.

Aðgangur að neti er gegn gjaldi nema á Eiðum.

Orlofshús sem leyfa gæludýr



Arnarstapi á Snæfellsnesi

Gæludýr eru velkomin en nauðsynlegt er að vanda alla umgengni og þrifa vel eftir dýrin. Lausaganga dýra er stranglega bönnuð. Upplýsingar má finna á bls. 18.



Hólasetur í Biskupstungum

Gæludýr eru velkomin en nauðsynlegt er að vanda alla umgengni og þrifa vel eftir dýrin. Lausaganga dýra er stranglega bönnuð. Upplýsingar má finna á bls. 37.



Akrasel í Grímsnesi

Gæludýr eru velkomin en nauðsynlegt er að vanda alla umgengni og þrifa vel eftir dýrin. Lausaganga dýra er stranglega bönnuð. Upplýsingar má finna á bls. 41.



Húsafell í Borgarfirði

Gæludýr eru velkomin en nauðsynlegt er að vanda alla umgengni og þrifa vel eftir dýrin. Lausaganga dýra er stranglega bönnuð. Upplýsingar má finna á bls. 16.



Brautarholt á Blönduósi

Gæludýr eru velkomin en nauðsynlegt er að vanda alla umgengni og þrifa vel eftir dýrin. Lausaganga dýra er stranglega bönnuð. Upplýsingar má finna á bls. 25.



Reitarvegur í Stykkishólmi

Gæludýr eru velkomin en nauðsynlegt er að vanda alla umgengni og þrifa vel eftir dýrin. Lausaganga dýra er stranglega bönnuð. Upplýsingar má finna á bls. 19.



Ljósmynd: Axel Jón Ellenarson

Krían er mikill ferðagarpur en félagar í Sameyki komast hvergi nærri henni í flakki sínu með ferðaávisun upp á vasann. Vorið á Íslandi kemur með Kriunni og um það leyti sem hún er að koma sér fyrir hér fara félagsmenn á flakk um eyjuna fögru – Ísland. Á Vísindavefnum segir að Krían elti sumarið heimsálfa á milli og birtuna þar sem hún heldur í sumarið á Suðurskautslandinu þegar vetur er hér, en svo kemur hún aftur fljúgandi í vorið á norðurhveli þegar haustar á suðurhveli jarðar. Ljósmyndin er tekin á Vesturlandi í Haukadal.

Ferðaávisun

Sameyki býður félagsmönnum sínum að kaupa rafræna ferðaávisun á orlofshúsavef Sameykis, orlof.is/sameyki. Félagsfólk ræður fyrir hversu háa upphæð er keypt en ferðaávisunin mun gilda á yfir 50 íslenskum hótélum og gistiheimilum. Til að innleysa ávisunina þarf viðkomandi einungis að mæta á hótelið þar sem hann hyggst nýta ferðaávisunina og gefa upp kennitölu sína.

Orlofssjóður niðurgreiðir ferðaávisanir um allt að 30% eða að hámarki 15.000 kr. á almanaksárinu, þannig að niðurgreiðsla af 65.000 kr. ferðaávisunartilboðunum er 15.000 kr. Hægt verður að



kaupa ferðaávisun fyrir hærri upphæð án þess að niðurgreiðslu njóti við. Einnig er hægt að kaupa ferðaávisun í mörgum atrennum en 30% niðurgreiðsla

reiknast þá á hver kaup þar til 15.000 kr. hámarkinu er náð. Ef handhafi ferðaávisunar vill breyta ferðaáformum sínum, eða ef hótelið er fullbókað þá nótt sem hann hyggst gista, getur hann fyrirhafnarlaust notað ávisunina hjá öðru hóteli sem er inn í ferðaávisunar tilboðunum. Félagsfólk mun geta skoðað þau tilboð sem hótél og gistiheimili gera þeim hverju sinni á Orlofshúsavefnum.

Hægt er að nota ferðaávisunina til þess að greiða fyrir alla þjónustu á hóteli. Sameyki gerir þá kröfu til hótélanna að betri tilboð fyrir sömu vöru sé ekki að finna annars staðar og að hótelin bjóði sjóðfélögum jafnan sín bestu kjör.

Útilegukortið

Félagsmönnum í Sameyki býðst að kaupa Útilegu-kortið á sérstöku félagsverði. Engin takmörk eru fyrir því hve oft má koma á hvert tjaldsvæði innan gistinguáttanna 28 en einungis má gista í fjórar nætur samfellt í hvert skipti.



Frekari upplýsingar eru á vef Útilegu-kortsins, utilegukortid.is, en það kostar 13.600 kr. fyrir félagsmenn en annars er verðið 19.900 kr. Hægt er að kaupa kortið á orlofsvef Sameykis eða á skrifstofu félagsins.

Vesturland

Laugargerðisskóli
Varmaland
Grundarfjörður

Vestfirðir

Bíldudalur
Grettislaug
Patreksfjörður
Flókalundur
Bolungarvík
Drangsnes

Norðurland

Bakkafjörður

Siglufjörður

Lónsá
Heiðarbær
Þórshöfn
Raufarhöfn
Kópasker
Möðrudalur
Skagatrönd
Ólafsfjörður
Hvammstangi
Dalvík

Austurland

Stöðvarfjörður
Norðfjörður

Seyðisfjörður

Fáskrúðsfjörður
Reyðarfjörður
Eskifjörður

Suðurland

Þorlákshöfn
Sandgerði
Grindavík
Stokkseyri
Kleifarmörk
Álfaskeið
Skjól
Hella

Veiðikortið


Félagsfólk Sameykis getur keypt eitt veiðikort á ári á sérstöku félagsverði. Kortið er hægt að kaupa á vefsíðu félagsins og á skrifstofunni. Kortið kostar 5.700 kr. hjá félaginu en 8.900 kr. í almennri sölu. Kortið er mjög hagkvæmur valkostur sem hentar jafnt veiðimönnum sem fjölskyldufólki. Hægt er að veiða nær ótakmarkað í 34 veiðivötnum víðs vegar um landið og tjalda endurgjaldslaut við mörg þeirra. Veiðikortið er stílað á einn einstakling og þurfa korthafar að merkja kortið með kennitölu sinni í þar til gerðan reit. Fara ber eftir öllum reglum og upplýsingum um veiðisvæðin sem fram koma í Veiðikortinu.

Gíslholtvatn

Haugatjarnir í Skriðdal
Haukadalsvatn í Haukadal
Hlíðarvatn í Hnappadal
Hólmavatn í landi Sólheima
Hraunhafnarvatn á Melrakkaslétu
Hraunsfjarðarvatn á Snæfellsnesi
Hraunsfjörður á Snæfellsnesi
Hreðavatn
Kleifarvatn á Reykjanesskaga

Skriðuvatn í Suðurdal

Sléttuhlíðarvatn í landi Hrauns
Svinavatn í Húnavatnssýslu
Syðridalsvatn við Bolungavík
Sænautavatn á Jökuldalsheiði
Urriðavatn við Egilsstaði
Úlfjótavatn – Vesturbakkinn
Vatnsdalsvatn í Vatnsfirði
Vestmannsvatn
Vífilsstaðavatn í Garðabæ



Veiðisvæðin eru:

Arnarvatn
Baulárvallavatn
Berufjarðarvatn
Elliðavatn
Frostaðavatn

Kleifarvatn í Breiðdal

Langavatn í Borgarbyggð
Ljósavatn í Suður-Pingeyjarsýslu
Meðalfellsvatn
Mjóavatn í Breiðdal
Sauðlauksdalsvatn við Patreksfjörð

Pingvallavatn – Þjóðgarður

Þveit við Hornafjörð
Æðarvatn á Melrakkaslétu
Ölvesvatn – Vatnasvæði Selár

Göngur og gisting

Ferðaávisun veitir nú aðgang að spennandi ævintýra- og gönguferðum með Ferðafélagi Íslands, Útivist og Fjallafjöri. Sem fyrr njóta félagsmenn sérkjara í krafti fjöldans en Ferðaávisun má nota allt árið um kring. Félagsmönnum gefst nú gullið tækifæri á að fara í skipulagðar ferðir um íslensk fjöll og firnindi.



Lágafell

Lágafellshópur Fjallafjörs hentar í senn byrjendum og þeim sem vilja fara í styttri láglandisgöngur og gefa sér rúman tíma í að njóta þeirra. Þrjár annir eru yfir árið og hver önn samanstandur af 12 ferðum, 9 kvöldferðum og 3 dagsferðum.

Verð: 24.900 kr.



Fimmvörðuháls

24.-26. júní

Hin árlega Jónsmessuganga Útivistar yfir Fimmvörðuháls er einn af hápunktunum í starfi Útivistar ár hvert. Lagt er af stað frá Reykjavík á föstudagskvöldi og gengið yfir Hálsinn um nóttina. Í dögun á laugardegi koma göngumenn niður í Bása þar sem tími gefst til að hvílast um stund. Um kvöldið er slegið upp grillveislu og kveiktur varðeldur þar sem Útivistar-gleðin ríkir.

Verð: 31.000 kr.



Hornstrandir

7.-10. júlí

Á Hornströndum renna haf og himinn saman í stórbrotinni fegurð og dulúð. Ævintýrið hefst með siglingu inn í Jökulfirði og heldur áfram þegar gengið er yfir í Hornbjargsvita, um hið mikla Hornbjarg og blómskrúðið í Hornvík. Stórbrotin fegurð blasir alls staðar við. Ekki spillir hin litríka og sérstæða mannlífssaga Friðlandsins. Gist er í þrjár nætur í Hornbjargsvita og dvalið við náttúruskoðun og gönguferðir.

Verð: 103.000 kr.



Laugavegur

13.-17. júlí

Vinsælasta gönguleið landsins lætur engan ósnortinn. Um er að ræða magnaða upplifun fyrir líkama og sál þar sem fjölbreytt landslag, óbrúðar ár, litskrúðug líparítsvæði, svartir sandar og grænir skógar verða á vegi göngugarpa. Um er að ræða fimm daga ferð undir leiðsögn þar sem rúta, trúss, gisting og fararstjórn er innifalin.

Verð: 98.000 kr.



Gisting um land allt

Með ferðaávisun nýtur þú sérstakra tilboðskjara á gistingu hjá fjölmörgum samstarfsaðilum um allt land.



Hótel Geysir

Suðurland
Herbergi fyrir tvo með morgunverði.

Verð frá: 33.000 kr.



Íslandshótel

Viða um land
Herbergi fyrir tvo með morgunverði.

Verð: 14.400 kr.



Kea hotels

Norðurland og víðar
Eins manns herbergi með morgunverði.

Verð frá: 13.900 kr.

með Ferðaávísun



Sveinstindur – Skælingar

Um er að ræða eina fallegustu gönguleiðina á sunnanverðu hálendinu. Gangan hefst við Langasjó en gengið er á Sveinstind áður en gíst er í Sveinstindsskála. Þaðan er haldið niður með Skaftá í Skælinga þar sem einstakar hraunmyndanir setja svip á umhverfið. Frá Skælingum er gengið á Gjátind og niður í Eldgjá. Gangan endar í Hólaskjól þar sem gíst er síðustu nóttina. Hægt er að velja um fjórar dagsetningar í sumar.

Verð: 60.000 kr.

ÚTIVIST



Haustferð í Skaftártungu

Fjallafjör býður upp á helgarferð á Skaftártungu þar sem vel valdar perlur verða skoðaðar. Gengið verður á Gjátind, um Eldgjá, Ófæru-foss skoðaður, Syðri-Ófæra, Gígvatn og fallegir fossar. Gíst er í skálanum í Hólaskjól en þátttakendur fara á eigin bílum þangað. Innifalið er leiðsögn, gisting og rúta frá Hólaskjól til og frá göngu-stöðum.

Verð: 33.900 kr.



Strútsstigur

Gangan hefst í Hólaskjól en þaðan er um tveggja tíma gangur í skálann við Álfavötn þar sem gíst er fyrstu nóttina. Á öðrum degi er gengið með Svartahnjúksfjöllum í Hólmsárbotna, með viðkomu í Strútslaug. Þaðan er gengið í Strútsskála þar sem gíst er í tvær nætur og einstakt umhverfi skálans skoðað. Á lokadegi liggur leiðin um Mælifellssand í Hvanngil þar sem rúta tekur upp hópinn. Hægt er að velja um fjórar dagsetningar í sumar.

Verð: 58.000 kr.

ÚTIVIST



Jóga, núvitund og göngur í Þórsmörk

17.-19. júlí

Þessi ferð býður upp á allt það besta sem finna má í Þórsmörk. Gíst verður tvær nætur í skála Ferðafélags Íslands í Langadal. Ein fegursta og fjölbreyttasta gönguleið landsins verður gengin en hún skartar ægifygru útsýni yfir Þórsmörk. Áhersla verður á að njóta, en ekki þjóta. Farið verður í morgunjóga, nidra-djúpslökun auk þess sem hópurrinn verður endurnærður með gong-tónheilun í ósnortinni náttúrunni.

Verð: 50.000 kr.



Gistiheimilið Hvoll

Suðurland

Tveggja manna herbergi.

Verð frá: 13.563 kr.



Arctic Hotels

Norðurland

Tveggja manna herbergi.

Verð frá: 10.000 kr.



Center Hotels

Höfuðborgarsvæðið

Tveggja manna herbergi.

Verð frá: 19.900 kr.



Einarshúsið

Vestfirðir

Tveggja manna herbergi.

Verð frá 13.000 kr.

Hvar fæst ferðaávísun?

Ferðaávísun fæst keypt á orlofsvef félagsins. Þar má finna nánari upplýsingar um þær ferðir og gistingu sem samstarfsaðilar okkar bjóða upp á.

Menning

Víða um landið er hægt að skyggast inn í fortíðina. Ánægjulegt er að njóta þeirra menningarstofnana sem varðveita menningarsöguna og forna lífshætti Íslendinga. Þessar stofnanir og söfn má finna í öllum landshlutum.

Eitt af þessum söfnum er byggðasafnið í Skógum sem skiptist í þrjú söfn; byggðasafn, húsasafn og samgöngusafn. Þar má finna sjósókn, landbúnað, náttúrugripasafn, vefnað, forn handrit og bækur, þar á meðal eintak af Guðbrandsbiblíu frá 1584, ásamt munum frá víkingaöld.

Í húsasafninu má finna torfbæi frá lokum 19. aldar ásamt fleiri híbýlum sem flutt hafa verið á safnasvæðið.







Frestur til að sækja um orlofshúsin er frá 7. mars til 27. mars

Úthlutun lýkur
31. mars

Dagleiguhús á
vefnum 22. apríl



SAMEYKI

STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAPJÓNUSTU